



Álftanesi,
20.september 2019

TRÉ LÍFSINS

Bæjarskrifstofur Reykjanæsbærar
b/t bæjarstjóra, Kjartans Más Kjartanssonar og bæjarstjórnar
Tjarnargötu 12
230 Reykjanæsbær

Reykjanæsbær	ÁG
Mótt.	25.09.2019
Lykill	11.02.05
Málsnr.	2019090645
Ábm.	GKO

Erindi þessa bréfs er að kanna áhuga ykkar á Minningagörðum og afstöðu til þess að opna slíkan garð í ykkar sveitarfélagi.

Tré lífsins er frumkvöðlaverkefni í þróun og skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn er skráning hinstu óska í persónulegan gagnagrunn, annar hlutinn er rafræn minningasíða og þriðji hlutinn bálstofa og Minningagarðar. Sá hluti sem snýr að handhöfum skipulagsvaldsins eru Minningagarðar. Í Minningagarðana verður aska látinna einstaklinga gróðursett ásamt tré sem mun vaxa upp til minningar um hinn látna og vera merkt rafrænu minningasíðu þess sem undir því hvílir.




Duftker við tré. Úr kynningararmyndbandi

Minningagarðarnir gætu verið á skógræktarsvæði sveitarfélaga en með tíð og tíma yxu þar upp fallegir skógarlundir sem gætu orðið staður fyrir útivist þar sem við minnumst ástvina okkar sem fallnir eru frá og heimsækjum tré þeirra.


Niðurstöður markaðskönnunar sem Tré lífsins framkvæmdi í ágúst s.l. leiddi í ljós að tæplega 60% svarenda töldu það mjög líklegt eða frekar líklegt að þau myndu velja gróðursetningu fyrir sína ósku í Minningagarði. Um 75% þátttakenda töldu það mjög líklegt eða frekar líklegt að þau myndu heimsækja tré ástvinar í Minningagarð. Rúmlega áttahundruð manns tóku þátt í könnuninni.

Afstaða til gróðursetningar ósku í Minningagarðil



- Mjög liklegt
- Frekar liklegt
- Hvorki liklegt né óliklegt
- Mjög óliklegt
- Er ekki viss
- Frekar óliklegt
- Kýs að svara ekki

Myndir þú heimsækja trú ástvinar í Minningagarði



- Mjög liklegt
- Frekar liklegt
- Hvorki liklegt né óliklegt
- Frekar óliklegt
- Mjög óliklegt
- Kýs að svara ekki

Minningagarðarnir stuðla að sjálfbærum samfélögum með kolefnisjöfnun auk þess sem önnur vistkerfispjónusta trjáa er mjög mikilvæg. Minningagarðarnir falla að þremur af leiðarljósnum Landsskipulagsstefnu um skipulag byggðar og landnotkun; sjálfbæra þróun, sveigjanleika og seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum og að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að lífsgæðum fólks (Skipulagsstofnun, 2016).

Ítarlegri upplýsingar um verkefnið og kynningarmyndband má finna á heimasíðu verkefnisins www.trelifsins.is

Óski sveitarfélagið eftir nánari kynningu á Tré lífsins er sjálf sagt að verða við því.

Vinsamlegast sendið tölvupóst með afstöðu ykkar sveitarfélags á netfangið:

trelifsins@trelifsins.is fyrir 1. nóvember n.k.

Með fyrirfram þökk og góðri kveðju,

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir

Stofnandi Trés lífsins

